

ing hans hæfilega ákveðin 400 kr. sekt, sem afplánist með 8 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur ber að svipta kærðan ökuréttindum í 3 mánuði frá lögbirtingu dómsins að telja. Hann greiði einnig allan kostnað málsins.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Finnbogi Ólafsson, greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur réttindum til þess að stjórna bifreið um 3 mánaða skeið frá lögbirtingu dómsins að telja. Hann greiði og allan sakarkostnað. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. marz 1944.

Nr. 4/1944. Réttvísing og valdstjórnin

(Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Magnúsi Björgvin Sveinssyni

(Gunnar J. Möller).

Gálauslegur akstur bifreiðar og bifreiðarslys.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, voru drýgð meðan lög nr. 70/1931 um bifreiðar voru enn í gildi. Með of hröðum og gálausum akstri í myrkri og þoku braut hann gegn ákvæðum 1. og 6. málsg. 6. gr. og 15. gr. þeirra laga. Greint hátterni ákærða varðar nú við 1., 4. og 5. málsg. 26. gr. gildandi laga um bifreiðar nr. 23/1941, og ber að ákveða refsingu samkvæmt 38. gr. þeirra laga, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Hegðun ákærða varðar svo og við 219. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Þá þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 2. gr. hegningarlaga, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Héraðsdómari hafði rannsakað mál þetta í öllum aðalatriðum hinn 16. september 1941. Varð þá hlé á meðferð málsins til 3. marz 1942, og sést ekki, hvað valdið hefur þessum drætti í hálfan sjötta mánuð. Hinn 14. marz tilkynnti dómari ákærða málshöfðun, en gaf ekki út stefnu á hendur honum, svo sem vera bar. Dómur var kveðinn upp samdægurs. Dómsgerðir málsins voru samt ekki sendar dómsmálaráðuneytinu fyrr en með bréfi 18. september 1943. Verður að víta mistök þessi harðlega.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Björgvin Sveinsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 14. marz 1942.

Ár 1942, laugardaginn 14. marz kl. 5 e. h., var í aukarétti Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2/1942: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Magnúsi Björgvin Sveinssyni Minniborg.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn 18. kafla hegningarlaganna nr. 19/1940 og bifreiðalögum nr. 75/1940 og er dómtekið nú samdægurs.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. sept. 1917 í Miklaholti í Biskupstungnahreppi, og hefur ekki áður sætt refsingu. Ákærður hefur haft bifreiðarstjóraréttindi síðan í maí 1936 og hið meira bifreiðarstjórpróf stóðst hann í desember 1937. Hann réðst til verzlunarinnar á Minniborg í febrúarmánuði 1941 og hefur síðan stjórnað bifreið verzlunarinnar, R 1246, sem er 3 tonna Volvo vörubifreið með járnslignum hlerum umhverfis pallinn, jafnháum stýrishúsinu.

Að kvöldi laugardagsins 8. marz 1941 var ákærður sendur til þess að flytja fólkk úr Grímsnesinu á skemmtisamkomu að Minniborg. Ók ákærður að Ljósafossi og tók þar fólk af næstu bæjum og síðan fleiri farþega frá ýmsum bæjum á leiðinni til baka. Urðu alls 12 farþegar í bifreiðinni, þar af 9 á vörupalli og 3 börn í framsæti hjá bifreiðarstjóra, en þar er rúm fyrir tvo menn fullorðna. Á tíunda tímanum um kvöldið var ákærður kominn norður fyrir Seyðishóla í Grímsnesi. Er hólunum sleppir tekur við allangur beinn og hallalaus vegarkafli, en því næst tekur vegurinn mjög krappa beygju til vinstri og hallar honum jafnframt lítið eitt niður á við. Til þessarar vegbeygju sér illa, þegar ekið er í áttina að Minniborg.

Auk náttmyrkurs var á allmikil þoka og nokkur rigning. Gizkar ákærður á, að hann hafi séð svo sem eina billengd fram á veginn og ók hann þó með fullum ljósum. Til þess að sjá betur hafði hann opinn vinstri hliðarglugga og hallaði höfðinu út um hann. Á beina veginum kveðst ákærður hafa aukið ferð bifreiðarinnar upp í 50 til 55 km hraða, miðað við klst., en síðan látið hana ganga á handbenzíninu einu um stund, og dró þá úr ferðinni. Bifreiðina bar nú að vegbeygjunni fyrr en ákærða varði, og kveðst hann þó hafa haft allann hugann við aksturinn. Átti hann aðeins svo sem eina billengd ófarna að beygjunni, þegar hann varð hennar var, og var ökuhraðinn þá á að gizka 45 km á klst. Gerði hann þá bæði að hemla bifreiðina og vikja henni til vinstri, en hemlarnir, sem eru vökva-hemlar, verkuðu ekki vel, nema stigið væri tvisvar á þá, og gerði ákærður það, en tókst þó ekki að draga nægilega úr hraðanum. Rann afturendi bifreiðarinnar því til hægri hliðar um leið og henni var stýrt til vinstri og fór hægra afturhjólið út af vegbrúninni. Af hjólfari utan í vegkantinum virðist bifreiðin hafa runnið þannig um 11 metra, en síðan oltið á hliðina og hægri hlið stýrishússins lent á vegkantinum, en afturendinn kastast til hliðar frá veginum. Valt bifreiðin því næst yfir sig og nam staðar standandi á hjólunum og sneri þá þvert að veginum. Þar sem bifreiðin valt út af veginum hefur kanturinn mælt 175—185 cm hár, en fyrir utan veginn er þýfður mói.

Eftir veltuna sat ákærður enn við stýrið og hjá honum 2 barnanna, en þakið af stýrishúsinu hafði rifnað af og eitt barnanna

var horfið úr því. Fór hann þegar út úr bifreiðinni og sá þá, að einn farþeganna hafði orðið undir hægra framhjóli hennar og stóð það ofan á brjósti hans. Annar farþegi lá hægra megin við bifreiðina, en hinir voru vinstra megin við hana. Ákærður reyndi fyrst að aka bifreiðinni aftur á bak, en það tókst ekki. Tók hann þá „tjekk“ og lyfti bifreiðinni upp að framan, og var þá farþeganum náð undan hjólinu. Auk þessa farþega slösuðust 4 aðrir alvarlega, en einn fékk litilsháttar skrámur. Hlynnt var að hinum slösuðu eftir föngum og jafnframt farið að Minniborg eftir hjálp. Var þaðan símað eftir héraðslæknunum í Laugarási og á Eyrarbakka, og komu þeir báðir um nóttina. Enn fremur var símað eftir bílum að Selfossi og hinir slösuðu fluttir á þeim að Minniborg. Þar gerðu lækarnir að meiðslum þeirra og önnuðust um sendingu þeirra með sjúkrabifreiðum á Landsspítalann þá þegar um nóttina og morguninn eftir.

Hinir slösuðu voru þessir:

Garðar Þorsteinsson Gislástöðum, fæddur 16. ágúst 1919.

Hann fékk heilahristing og skeinur á höfuðið. Enn fremur rifnaði hljóðhimna í vinstra eyra. Hann lá á spítala 25 daga og var alveg frá vinnu í 9 vikur. Hinn 19. ágúst s. l. heyrði hann enn illa með vinstra eyra.

Ásmundur Eiríksson Ásgarði, fæddur 2. apríl 1921.

Hann lærbrotnaði hægra megin og var leggurinn tvíbrotinn. Hann lá á spítala í 12 vikur og var alveg frá vinnu í 4 mánuði. Guðmundur Benediktsson Miðengi, fæddur 24. júlí 1918.

Hann fékk heilahristing og sár á nef og augabrún. Enn fremur brotnaði vinstri hnéskel hans. Hann lá á spítala 7 vikur og var frá vinnu 3 mánuði eftir slysið.

Bjarni Kr. Bjarnason Öndverðarnesi, fæddur 31. ágúst 1926.

Hann varð undir hjóli bifreiðarinnar og fékk skrámur á höfuðið og mjög slæm meiðsli innvortis. Er enn ekki vitað, hvaða afleiðingar þau meiðsli hans kunna að hafa.

Sigurjón Ágúst Ingason Vaðnesi, fæddur 28. maí 1927.

Hann fékk höfuðkúpubrot og heilahristing og lá meðvitundarlaus 60 klst. eftir slysið. Hann ber varanlegt ör eftir sár, sem hann fékk á ennið við hægra gagnauga. Á spítala lá hann 5 vikur og var alveg frá vinnu í 2 mánuði.

Næsta dag eftir slysið var slysstaðurinn og bifreiðin athuguð með aðstoð rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Lá þá þakið af stýrishúsinu í móanum nokkra metra frá bifreiðinni, vinstra megin við hana. Rúða hafði brotnað úr hægri hurð, en aðrar verulegar skemmdir á bifreiðinni voru ekki sýnilegar. Hemlarnir virtust ekki verka, og voru gerðar ráðstafanir til þess að bifreiðin yrði skoðuð nánar, áður en viðgerð færi fram, en fyrir mistök fórst sú skoðun fyrir.

Ákærður kveðst hafa ekið með á að gizka 45 km hraða á klst., þegar slysið varð, og verður að leggja þá frásögn hans til grundvallar í málinu, enda hefur framburður hans verið sennilegur í réttarprófum málsins. Vitni hafa sagt, að hann hafi ekið „nokkuð hratt“, en ekki getað ákveðið það nánar.

Ákærður hefur með of hröðum akstri, eins og á stóð, brotið gegn 26. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 75/1940. Enn fremur verður að líta svo á, að ákærður hafi með hinum gálauslega ökuhraða og aðgæzluleysi um það, hvar hann var á veginum, orðið valdur að ökuslysi því, sem mál þetta er af sprottið, og með því brotið gegn 165. sbr. 167. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt, sem afplánist með 18 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærði greiði einnig allan kostnað málsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Magnús Björgvin Sveinsson, greiði 300 króna sekt í rikissjóð, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. marz 1944.

Nr. 79/1943. **Réttvísing og valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson) gegn

Hirti Péturssyni (Einar Ásmundsson).

Sýkna af ákæru um manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Slysið varð með þeim hætti, að ekki gátu aðrir borið um það né aðdraganda þess en ákærði sjálfur, unnusta hans, er hjá honum var í bifreiðinni, og Valdimar heitinn Þorvarðsson, sem fyrir slysinu varð. Ákærði og unnusta hans staðhæfa, að ekið hafi verið með hæfilegum hraða, en Valdimar heitinn hafi skyndilega gengið í veg fyrir bifreiðina, er hún var að komast á móts við hann, og hafi þá ekki verið unnt að afstýra slysi. Hvorki dómari né lögreglumenn tóku skýrslu af Valdimar heitnum, meðan þess var kostur, og ekki var hann samprófaður við ákærða og unnustu hans.